



Rannsóknastofnun í Hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Verkefnatjóri daglegs reksturs:

Helga Garðarsdóttir
Eirbergi, Eiríksögðu 34
101 Reykjavík
Sími: 525-5280
Fax: 525-4963
Netfang: rsh@hi.is

Ritstjóri Rannsóknafréttar: Helga Garðarsdóttir
Hafðu samband ef þú vilt gerast áskrifandi.

Í stjórn RSH sitja:

Erla Kolbrún Svavarsdóttir formaður
Helga Bragadóttir
Lilja Stefánsdóttir
Helga Gottfredsdóttir

www.rsh.hi.is

Rannsóknastofnun í Hjúkrunarfræði heyrir undir Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stofnunin er sjálfstæð með eigin reglur og sérstaka stjórn. Rekstrarfé hennar kemur frá Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og LSH. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að styðja við og efla rannsóknir kennara við Hjúkrunarfræðideild og Hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala, m.a. með því að byggja upp tækjabúnað, hugbúnað, gagnabanka og önnur mikilvæg tæki til rannsókna.

Árið 2007 var stofnaður **Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur**, sem atlað er að styrkja Hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til doktorsnáms. Áhugasamir geta styrkt sjóðinn af ýmsu tilefni. Hægt er að hafa samband við stofnunina í síma eða gegnum heimasíðu. Fjárhæðir má leggja inn á eftirfarandi bankareikning hjá Íslandsbanka: 0513-26-004057. Kennitala styrktarsjóða HÍ er 571292-3199. Einnig má nota slóðina www.minningarkort.is til að senda minningarkort í nafni sjóðsins og gefa í hann.



Rannsóknadagur Hjúkrunarfræðideilda

Rannsóknadagur Hjúkrunarfræðideilda á 20 ára afmæli nú í vor. Mér rennur blóðið til skyldunnar að segja frá tilurð hans þar sem tilvist þessa viðburðar var ein af fyrstu hugmyndunum mínum sem farsælllega var hrundið úr vor við námsbraut í Hjúkrunarfræði. Vorið 1988 þegar ég var að ljúka vinnu með fyrstu loka- verkefnishópum mínum þótti mér erfitt að „kveðja“ þau ekki formlega. Nemendur fengu lokamat á verkefni sitt og voru svo horfnir. Lokatengsl við skólann var við fjölmenna útskriftarhátíð Háskóla Íslands en engin bein slit voru við Eirberg og okkur Hjúkrunarfræðikennarana. Auk þess voru verkefni góð og mér fannst súrt að vinnan og þekkingin

sem skapaðist við gerð verkefnanna færi í skúffurnar. Jafnframt þótti mér mikilvægt að nemendur þjálfuðust í að kynna rannsóknir sínar á opinberum vettvangi. Við undirbúning dagsins var haft í huga að hann skyldi vera hátíðlegur, nemendur væru í forsæti en jafnframt reynt að skapa tengingu við sjúkrahússtarf, Hjúkrunarfræðinga og almenning. Ákveðið var að allir sem kæmu að rannsóknaverkefnum nemenda skyldi sérstaklega boðið, valdir ættingjar fengu boðsbref sem og rektor, deildarforsetar háskólans, Hjúkrunarforstjórar, og fleiri. Á fyrsta rannsóknadeginum var Hjúkrunarfræðingum sem áttu 10 og 25 ára afmæli boðið að

flytja ávarp. Það var gert til að skapa tengsl skólans við eldri Hjúkrunarfræðinga og tækifæri til að mynda samband við Hjúkrunarfræðinga sem áttu ekki lengur að sína gömlu menntastofnun því skólinn hafði verið lagður niður. Við Guðlaug Vilbogaóttir, fyrrum skrifstofustjóri námsbrautar í Hjúkrunarfræði, höfðum veg og vanda af framkvæmd fyrsta rannsóknadagsins sem heppnaðist framar öllum vonum. Mæting var góð, nemendur stóðu sig vel allir sem einn, þeim voru færðar hlýjar og góðar kveðjur frá stofnunum víða að og ávörp eldri Hjúkrunarfræðinga voru þá eins og ávallt skemmtilegt krydd í hátíðleika dagsins. Ekki skemmdi fyrir að Eirberg var

rósam þrýtt en við áttum velgjörðar mann í Blóma- miðstöðinni, sem útvegaði í mörg ár hundruð rósa sem voru á síðasta snúningi en stóðu sig vel þennan dag. Ég held að Hjúkrunarfræðideild hafi verið fyrst innan háskólans, alla vega þess sem nú heitir heilbrigðisvísindasvið, til að vera með formlegar kynningar á lokaverkefnum nemenda í grunnnámi. Rannsóknadagurinn hefur að mestu leiti haldist svipaður þessi ár þó vissulega hafi verið gerðar tilraunir með ný form. Enda er mikilvægt að skoða á hverjum tíma hvað hentar nýjum kynslóðum Hjúkrunarfræðinga og því umhverfi sem við búum í á hverjum tíma. **Herdís Sveinsdóttir, prófessor**

12. maí 2009

Rannsóknafréttir



Rannsóknastofnun í Hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Breytingar til framfara hjá Rannsóknarstofnun í Hjúkrunarfræði

Miklar breytingar hafa orðið á starfi Rannsóknarstofnunar í Hjúkrunarfræði með tilkomu þriggja nýrra starfsmanna. Þann 1. apríl síðastliðin voru þær Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Helga Garðarsdóttir og Sólfriður Guðmundsdóttir ráðnar í þrjár nýjar stöður.



Guðný Bergþóra Rannsóknarfræðingur

Bergþóra mun sinna stöðu rannsóknarfræðings í tölfræði og aðferðarfræði. Bergþóra lauk BA í sálfræði frá HÍ árið 2000 og MSc í Social Research Method frá London School of Economics and Political Science árið 2008. Titill lokaritgerðarinnar var Self Rated Health and

lifestyle, þar sem skoðuð voru tengsl lífstíls við mat á eigin heilsu.

Helga mun sinna verkefnastjórnastöðu yfir daglegum rekstri stofnunarinnar. Helga lauk BS-prófi í Hjúkrunarfræði frá HÍ árið 2005. Hún er nú að leggja loka-hönd á meistararitgerð sína í Heilsuhagfræði við HÍ sem er kostnaðarvirknigreining á skipulögðu hópleitinni að brjóstakrabbameini.

Sólfriður mun gegna verkefnastjórnastöðu yfir klínískum rannsóknum. Starfssvið Sólfriðar er meðal annars að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi klínískar rannsóknir, aðstoða við gerð rannsóknáætlanar, gagnagreiningu, og úrvinnslu gagna sem tengjast

klínískum rannsóknum í Hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Sólfriður lauk Hjúkrunarprófi frá Hjúkrunarfræðiskóla Íslands 1973, BS-próf í Hjúkrunarfræði frá HÍ 1986, MS-prófi í stjórnmun og heilsgæslu frá University of British Columbia, Kanada 1992, og doktorsprófi í lýðheilsustjórnun frá Warren National University 2008. Doktorsrannsókn hennar var framkvæmd í Maryland, Bandaríkjunum og fjallaði um álit skólahjúkrunarfræðinga á undirliggjandi orsökum fyrir hindrunum heilbrigðiseftlingar nemenda í 6.-8. bekk. Titill verkefnis hennar er *Health promotion barriers for middle-school students: School nurse perspective.*



Sólfriður Guðmundsdóttir Verkefnastjóri

Það helsta í blaðinu

Ritstjórnarpistill	2
Ný bók. Lausnarsteinar: Ljómóðurfræði og ljósmóðurlist	2
Rannsóknarástefna MNRS	3
Ráðstefnan In Sickness and in Health	3
Rannsóknadagur Hjúkrunarfræðideilda	4
Upplýsingar um Rannsóknasjóð	4

Alþjóðleg ráðstefna um fjölskylduhjúkrun 2.-5.júní

Alþjóðleg ráðstefna um fjölskylduhjúkrun verður haldin hér á landi 2.-5. júní á Hilton Reykjavík Nordica. Það er RSH og Hjúkrunarfræðideild sem standa að þessari ráðstefnu. Í samvinnu við LSH, Heilsgæslu Höfuðborgarsvæðisins, Háskólann á Akureyri og Félag íslenskra Hjúkrunarfræðinga. Ráðstefnan ber heitið "From insights to intervention: The

cutting edge of family nursing".

Margar áhugaverðar rannsóknir á sviði fjölskylduhjúkrunar verða kynntar, enda hefur umræðan um mikilvægi samstarfs heilbrigðisstarfsmanna við fjölskyldur aukist síðustu ár. Heimasíða ráðstefnunar, útdrættir á fyrirlesturum og veggspjöld eru á:

<http://ifnc2009.com>



Ritstjórnarpistill

Nýtt skipurit klínískra sviða á Landspítala háskólasjúkrahúsi tók gildi þann 1. maí s.l.

Klínísku sviðin eru nú sex en voru tólf áður. Hverju sviði er stjórnad af framkvæmdastjóra sem á sæti í framkvæmdastjórn spítalans. Markmið breytinganna er m.a. að stytta boðleiðir, efla dreifstýringu og auka vægi klínískra stjórnenda í framkvæmdastjórn.

Það sem helst einkennir nýja stjórnskipulagið er að ábyrgð og vald á ákvörðunum færast nær grunnstarfsemi eða hjúkrun og meðferð sjúklinga. Eitt stjórnunarlag er lagt niður sem þýðir að milliliðum frá forstjóra til hjúkrunardeildar

stjóra fækkar. Áhrifa hjúkrunardeildarstjóra mun því gæta meira en áður, t.d. við stefnumótun og áætlanagerð. Starf framkvæmdastjóra hjúkrunar breytist og felst nú fyrst og fremst í stefnumótun í málefnum hjúkrunar og faglegu leiðtoga hlutverki.

Stefnukort hjúkrunar er nýlega samþykkt og eru helstu stefnumál hjúkrunar nú m.a. innleiðing fjölskylduhjúkrunar á öllum deildum spítalans en áætlað er að innleiðingu ljúki árið 2011. Einnig þróun og innleiðing rafrænnar skráningar hjúkrunar. Forprófun á skráningunni verður á þrem deildum á haustmisseri

og stefnt er að því að innleiðingu ljúki á árinu 2010.

Stefna í starfsþróun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra hefur verið samþykkt og er nú unnið er að framkvæmd hennar.

Mörg tækifæri felast í nýjum og breytt aðferðum í stjórnun og horfum við björtum augum til framtíðar.

Anna Stefánsdóttir



Anna Stefánsdóttir
Framkvæmdastjóri
hjúkrunar Landspítala

„14. maí n.k. er
kynning á
lokaverkefnum
hjúkrunarnema í
grunnnámi“

„Kynning á
lokaverkefnum
ljósmæðranema er
22. maí“

Kynning á lokaverkefnum á BS-stigi og framhaldsstigi

Kynning á lokaverkefnum hjúkrunarnema í BS-stigi verða kynnt 14. maí næstkomandi í húsnæði hjúkrunarfræðideildar í Eirbergi. Dagskráin stendur yfir frá kl. 13 –17 og hefst með ávarpi Sóleyjar Bender deildarforseta. Alls verða kynnt 39 lokaverkefni hjá alls 60

nemendum. Athyglisvert er að sjá hve margir fjalla um viðbótarmeðferðir í hjúkrun en mörg áhugaverð verkefni verða kynnt.

Allir eru velkomnir og verða léttar veitingar í boði.

Kynning á lokaverkefnum ljósmæðranema verður þann 22. maí. Alls eru tíu ljósmæðranemar sem kynna lokaverkefni sín. Dagskrá verður auglýst síðar inn á vefnum www.hjukrun.is.

Útgáfa: Lausnarsteinar. Ljósmóðurfræði og ljósmóðurlist

Nú á dögunum kom út bókin Lausnarsteinar: Ljósmóðurfræði og Ljósmóðurlist.

Bókin er samvinnuverkefni námsbrautar í ljósmóðurfræði við Hjúkrunarfræðideild HÍ og Ljósmæðrafélags Íslands, en hún er gefin út í tilefni 90 ára afmælis félagsins.

Bókin er ritrýnd fræðibók og í henni eru 13 kaflar sem ýmist eru fræðilegt yfirlit yfir tiltekin viðfangsefni ljósmóður-


fræðinnar eða lýsing á rannsóknum ljósmæðra sem unnar hafa verið á síðustu árum. Jafnframt er henni ætlað að minna á arf fortíðarinnar og hvernig ljósmæður nútímans sækja til hans leynt og ljóst. Viðtöl eru við fimm ljósmæður sem áttu ómældan þátt í að efla veg og virðingu stéttar sinnar á liðinni öld.

Þessi bók ætti því að höfða til allra þeirra sem láta sig varða

fæðingu barna og gildi þekkingar fyrir farsælt líf.

Formála ritar Kristín Ingólfsdóttir háskólarektor.

Ritstjórar eru: Helga Gottfredsdóttir og Sigríður Inga Karlsdóttir.



Kápa bókarinnar Lausnarsteinar

Alls eru fimm nemendur að brautskrást með meistaraáráðu

Fimm meistaranemendur í hjúkrunarfræði eru að útskrifast frá hjúkrunarfræðideild 20. júní n.k. Að auki útskrifast einn nemandi úr upplýsingatækni á heilbrigðisviði sem er þverfaglegt nám, og milli 40 og 50 diplómameyndur úr öldrunarhjúkrun, hjúkrun aðgerðasjúklinga, hjúkrun langveikra fullorðinna, hjúkrunarstjórnun og endurhæfingahjúkrun. Meistaraneyndur í hjúkrunarfræði eru þau: Elín Jakóbína Oddsdóttir. Heiti verkefnis: The clinical nurse specialist in Landspítali-University hospital. What is the content of their work?

Leiðbeinandi er Herdís Sveinsdóttir.

Guðbjörg Pálsdóttir. Heiti verkefnis: Langvinn fótasár á Íslandi; algengi, orsakir og meðferð. Leiðbeinandi: Ásta St. Thoroddsen

Gunnar Helgason. Heiti verkefnis: Hjúkrunarþyngdar- og vinnuálagsmælingar á gjörgæsludeildum. Leiðbeinandi: Helga Bragadóttir.

Ingibjörg Jóna Friðbertsdóttir. Heiti verkefnis: Svæðanudd sem hjúkrunarmeðferð við krabbameinstengdri þreytu. Skoðun í ljósi gagnreyndrar

þekkingar. Leiðbeinandi: Sigríður Gunnarsdóttir.

Inga Valgerður Kristinsdóttir. Heiti verkefnis: Stuðningur við börn aldraðra sem búa heima og þurfa aðstoð: Kerfisbundið yfirlit. Leiðbeinandi: Kristín Björnsdóttir.

Í Upplýsingatækni á heilbrigðisviði er Kristín Sólveig Kristjánsdóttir að útskrifast. Heiti verkefnis hennar er: Notendavæn viðmótshönnun, iðorðasöfn og klínískt gildi: Geta notendur rafrænnar sjúkrarkrár gefið þau fyrirmæli sem skjólstæðingar þarfnast? Leiðbeinandi: Connie Delaney



Fjórir kennarar á MNRS rannsóknaráðstefnu í Minneapolis

Hin árlega rannsóknaráðstefna Midwest Nursing Research Society var haldin 28.-30. mars sl. í Minneapolis í Minnesota og kynntu fjórir kennarar deildarinnar rannsóknir sínar þar. Þetta eru þær Dr. Erla Kolbrún Svavarsdóttir, Dr. Helga Bragadóttir, Dr. Þóra Jenný Gunnarsdóttir og Dr. Brynja Örlýgsdóttir. Nær 850 manns sóttu ráðstefnuna sem var hin veglegasta. Aðal bakhjarl ráðstefnunnar var

University of Minnesota School of Nursing, samstarfsskóli hjúkrunarfræðideildar. Hjúkrunarskóli Háskólans í Minnesota fagnar á þessu ári 100 ára starfsafmæli og státar af því að vera elsta BS prógram í hjúkrunarfræði í heimi. Af þessu tilefni var skólanum færð mynd að gjöf frá hjúkrunarfræðideild HÍ. Tóku Dr. Connie White Delaney skólastjóri og prófessor og Dr. Ann Garwick prófessor við

myndinni fyrir hönd skólans. Myndin ber titilinn *Horft til framtíðar*. Var það sameiginleg túlkun að myndin er tákni um farsælt og vaxandi samstarf tveggja stofnana í tveimur heimsálfum, sem byggja á gömlum merg og stefna hátt í framtíðinni.



Dr. Connie White Delaney skólastjóri og Dr. Ann Garwick-ck prófessor taka við gjöf frá hjúkrunarfræðideild HÍ

In Sickness and in Health ráðstefnan

Nú er þriðju *In sickness and in health* ráðstefnunni lokið en önnur ráðstefnan var haldin hér á landi árið 2004. Ráðstefnan er þverfagleg og eiga þátttakendur það sameiginlegt að staldra við og skoða starfsemi heilbrigðisþjónustunnar á gagnrýnninn hátt. Það sem vakti mesta athygli mína að þessu sinni voru erindi gesta- fyrirlesaranna. Breski félagsfræðingurinn *Carl May* fjallaði um þá vinnu sem einstaklingar

með langinn veikindi vinna á hverjum degi til að komast af. Norska félagsvísindakonan *Ingunn Moser* sagði frá rannsókn sinni á umönnun einstaklinga sem hafa Alzheimer og dvelja á hjúkrunarheimilum. Kanadíski stjórnmálafræðingurinn *Katherine Teghtsoonian* ræddi um samfélagslegan stuðning við konur sem þjást af þunglyndi og breski hjúkrunarfræðingurinn og félagsvísindakonan *Joanna Latimer* ræddi um áhrif

þekkingarþróunar á sviði genarannsóknna á heilbrigðisþjónustuna. Loks fjallaði ástralski sagn- og hjúkrunarfræðingurinn *Sioban Nelson* um alþjóðleg áhrif Rocerfeller stofnunarinnar á heilsuverndarhjúkrun. Ég hvet lesendur til að fylgjast með næstu ráðstefnu sem haldin verður eftir tvö ár í Danmörku.

Kristín Björnsdóttir

„*In Sickness and in Health : Ethics—Power-Practice Ráðstefnan var haldin 15.-17. apríl í Kanada*“